

Alþingi
Erindi nr. P 138/981
komudagur 22.1.2010



Iðnaðarnefnd Alþingis
Nefndasviði Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 20.1.2010

Efni: Umsögn Orkuveitu Reykjavíkur um frumvarp til laga um heimild til samninga um gagnaver í Reykjanesbæ, Þskj. 393—320. mál.

Orkuveitu Reykjavíkur hefur borist ofangreint frumvarp til umsagnar. Samkvæmt frumvarpinu er iðnaðarráðherra veitt heimild til að gera samning fyrir hönd ríkisstjórnarinnar við ákveðin félög, sem munu reisa og reka gagnaver í Reykjanesbæ.

Samkvæmt athugasemdum með frumvarpinu hyggjast félögin taka forustu í uppbyggingu gagnaveraiðnaðar á Íslandi sem sé nýr, sjálfbær, vaxandi og grænn iðnaður. Hann skapi varanleg störf fyrir faglært fólk og verkafólk í byggingariðnaði, auki skatttekjur, hafi í för með sér umtalsverða erlenda fjárfestingu og nýti grunngerð landsins á sviði orku og fjarskipta á ábyrgan hátt gagnvart umhverfinu.

Á árinu 2007 beitti þáverandi ríkisstjórn sér fyrir því að lagður yrði nýr sæstrengur milli Íslands og meginlands Evrópu. Sérstaklega var óskað eftir aðkomu orkufyrirtækja að verkefninu, þar sem með nýjum sæstreng væri tryggð flutningsgeta fyrir gögn, sem gerði það að verkum að hægt væri að koma upp svokölluðum netþjónabúum hérlendis, en slík fyrirtæki nota mikla raforku, auk þess að þurfa tryggar gagnaflutningsleiðir. Orkufyrirtækin lögðu inn hlutafé í fyrirtækið e-Farice ehf. fyrir 1500 milljónir króna, en þar af er hlutur Orkuveitu Reykjavíkur 500 milljónir. Sæstrengurinn hefur þegar verið lagður, en tekjur vegna flutnings um hann eru óverulegar.

Orkuveita Reykjavíkur tekur ekki afstöðu til einstakra efnisatriða í frumvarpinu en fagnar aðgerðum sem ætlað er að laða erlenda fjárfestingu og stuðla að framkvæmdum og uppbyggingu hérlendis, sem og nýtingu þeirra fjárfestinga sem þegar hefur verið ráðist í, eins og lýst er hér að framan.

Virðingarfyllst,

Elín Smáradóttir, hdl.